

um frumvarp til laga um stofnun fasteignaveðbanka. (Þskj. 131).

Nefndin hefir nú á nokkrum fundum athugað þetta mál, og komið að þeirri niðurstöðu, að mjög hæpið sé, hvort fasteignaveðbanka-frumvarp geti orðið samþykkt á þessu þingi. Nefndin felst þó á það, að það mundi þrengja of mikið að Landsbankanum ef hann ætti að halda áfram að setja tryggingarfé það, sem veðdeildarlög 3. veðdeildarinnar áskilja, sem sé $\frac{1}{6}$ á móti því, sem lánað er

úr veðdeildinni, að helmingi í rikisskuldabréfum og að helmingi í veðdeildarbréfum, og leggur því til, að landssjóður leggi nokkuð af þessari tryggingu fram, eða fyrir hálfri veðdeild þessari. Vér hyggjum að Landsbankinn með þessu móti geti haldið áfram að veita veðdeildarlán til næsta þings ef landsstjórnin getur fengið þá $\frac{1}{2}$ milljón að láni, til að kaupa fyrir bankavaxtabréf veðdeildarinnar, sem enn er ótekin samkvæmt lántökuheimildinni í lögum nr. 14., 9. júlí 1909.

Ef Landsbankinn sæi sér fært að lána alla upphæð 3. veðdeildar, mundi landssjóður þurfa að leggja fram í verðbréfum samtals 250 þúsund krónur, og með því að hann á nú meira en nóg til þess í innlendum 3. flokks veðdeildarbréfum, sem Landsbankinn mundi skifta um fyrir 2. flokks bréf, þá ætti honum eigi að verða um megn að styrkja bankann í bráð á þennan hátt.

Vér leyfum oss því að koma fram með sérstakt frumvarp, sem heimilar landsstjórninni að leggja fram þetta tryggingarfé. Ennfremur mun nefndin koma síðar fram með þingsályktunartillögu, um að skora á stjórnina að undirbúa fasteignaveðbanka-frumvarp fyrir næsta þing.

Neðri deild Alþingis, 24. marz 1911.

Magnús Blöndahl,
formaður.

Björn Kristjánsson,
skrifari og framsögum.

H. Hafstein.

Þorleifur Jónsson.

Jóh. Jóhannesson.

Jón Magnússon.

Bjarni Jónsson
frá Vogu.